

ÁRSSKÝRSLA 2023



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

ÁRSSKÝRSLA 2023



Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2023

Ábyrgðaraðili: Jenný Kristín Valberg teymisstýra Bjarkarhlíðar

Uppsetning, samantekt og tölfraði: Jenný Kristín Valberg og Svava Guðrún Helgadóttir

Útgáfustaður: Reykjavík, apríl 2024

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

EFNISYFIRLIT



Upphafið	4
Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök	5
Hugmyndafræði	5
Hlutverk	5
Markmið	6
Samstarfsaðilar	6
Þjónusta	7
Birtingarmyndir ofbeldis	8
Fræðsla og kynningarstarf	9
Samstarf við háskólasamfélagið	11
Alþjóðlegt samstarf	11
Þjónusta við fyrrum vistbörn	11
Þolendamiðstöð á Vesturlandi	12
Mansal	12
Umbótaverkefni	13
Styrkir	13
Tölulegar upplýsingar 2022	14
Þjónustukönnun	31
Bjarkarhlíð til framtíðar	35



Viljayfirlýsing um stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, var undirrituð af Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneyti (nú félags- og vinnumarkaðsráðuneyti), dómsmálaráðuneyti, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, Stígamótum, Drekaslóð, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands þann 4. október 2016. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og í upphafi störfuðu tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlögreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands sáu um reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Til viðbótar hafði Barnavernd Reykjavíkur aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinntu börnum sem höfðu orðið vitni að ofbeldi. Frá 1. janúar 2019 hefur Bjarkarhlíð starfað sem frjáls félagasamtök þar sem allir samstarfsaðilar voru tilbúnir til að koma að starfinu áfram. Drekaslóð dró sig út úr samstarfinu árið 2022 þegar starfsemi hennar var hætt.

Á árinu 2023 störfuðu þrír ráðgjafar í Bjarkarhlíð ásamt teymisstýru. Rannsóknarlögregluna frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu og ráðgjafi frá Kvennaathvarfinu voru hvor um sig með viðveru í 75% starfshlutfalli. Ásamt því að ráðgjafar frá lögfræðiráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands skiptu með sér lögfræðiráðgjöf hálfan dag í viku og ráðgjafar frá Stígamótum voru með ráðgjöf 2 daga í mánuði. Eins var í fyrsta skipti boðið upp á að bóka tíma hjá Berginu headspace í Bjarkarhlíð og bauð ráðgjafi frá þeim upp á viðtöl hálfan dag í mánuði.





Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar eigi fulltrúa í stjórn auk varamanns.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar var skipuð fimm aðilum sem kosnir voru á aðalfundi og tveimur til vara. Á aðalfundi stjórnar í apríl síðastliðnum var ákveðið að leggja niður framkvæmdastjórn sem hafði fundað hálfsmánaðarlega og kjósa eina stjórn sem mun koma saman einu sinni í mánuði. Fyrir þann stjórnarfund hafði Þorbjörg Inga Jónsdóttir sinnt starfi formanns stjórnar og við formannshlutverki tók Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir. Fram að breytingum höfðu þrír framkvæmdastjórnafundir farið fram. Þá voru alls haldnir sjö stjórnarfundir auk tveggja aðalfunda árið 2023. Stjórn Bjarkarhlíðar ber ábyrgð á daglegum rekstri og vinnur teymisstjóri í hennar umboði.

HUGMYNDAFRÆÐI

Bjarkarhlíð byggir á sömu hugmyndafræði og „Family Justice Center“ en hún byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin felur í sér að grípa betur polendur ofbeldis í nánum samböndum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í dag eru 19 miðstöðvar í Evrópu, EFJC European Family Justice Center. Þess má geta að tilraunaverkefni með sömu hugmyndafræði er nú starfrækt á Akureyri og nefnist Bjarmahlíð. Einnig eru Sigurhæðir á Selfossi byggðar upp með svipuðum hætti þó þjónustan þar miðist eingöngu við konur. Megininntakið í hugmyndafræðinni er að veita lágþröskuldapjónustu fyrir fullorðna polendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

HLUTVERK

Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir polendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar, þar að auki er einnig hægt að nálgast lögfræðiráðgjöf. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir polendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða bóka í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla. Aðgengilegt kynningarmyndband um starfsemina er á vefsíðu Bjarkarhlíðar.



Markmið Bjarkarhlíðar er að vera lágþröskuldapjónusta fyrir þolendur ofbeldis; auka öryggi þjónustuþega og stuðla að valdeflingu þeirra, veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis, taka þátt í og koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu og senda skýr skilaboð um hver beri ábyrgð á ofbeldinu. Þetta er meðal annars gert með því að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi í Bjarkarhlíð fyrir alla þolendur ofbeldis í nánum samböndum.

SAMSTARFSADILAR

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsnæði. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa frá upphafi veitt fjármagn til starfsemi Bjarkarhlíðar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í hlutastarfi sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Frjálssu félagasamtökin Stígamót og Kvennaathvarfið eru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita ráðgjöf og stuðning á staðnum. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin veita lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð. Samstarfsaðilar eru allir með fulltrúa í stjórn og stýra þannig stefnu og mótun starfsins í Bjarkarhlíð.





Bjarkarhlíð er lágþröskuldapjónusta og ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka móttökuviðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út rafrænt eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplýsingum um þjónustunotenda og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustunotanda. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.

Gera þurfti við bjarkarhlíðarhúsið v/ Bústaðarveg og var starfsemin því flutt í bráðabirgðahúsnæði um nokkurt skeið. Vegna þessa voru tvennir flutningar í byrjun árs 2023 en Bjarkarhlíðarhúsið var um það bil tilbúið í lok mars. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar komu sér þá aftur fyrir á Bústaðarveginum og náðu að halda starfsemi að mestu óskertri allan tímann þrátt fyrir rask. Þó nokkuð var um starfsmannabreytingar á árinu en í lok árs voru starfandi þrír ráðgjafar í fullu starfi auk teymisstýru.

Stærsti liður þjónustu Bjarkarhlíðar hafa verið einstaklingsviðtöl. Vaninn er að bjóða þjónustunotendum eitt til þrjú viðtöl við ráðgjafa og í framhaldi er boðin áframhaldandi ráðgjöf og stuðningur hjá þeim aðilum sem taldir eru best til þess fallnir að vinna með þær afleiðingar ofbeldis sem viðkomandi hefur orðið fyrir. Kvennaathvarfið og Stígamót bjóða þjónustunotendum áframhaldandi viðtöl og stuðning í framhaldi af viðtölum við ráðgjafa Bjarkarhlíðar. Lagt er upp með að samstarfsaðilar hitti þjónustunotanda áfram í Bjarkarhlíð þar sem samtal lögreglu og lögfræðiráðgjöf stendur þjónustunotanda einnig til boða.

Í janúar 2023 fór Bjarkarhlíð af stað með tvo stuðningshópa fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi. Þriðji hópurinn fór af stað 1. mars. Stuðningshóparnir hittust einu sinni í viku í alls tíu skipti, undir handleiðslu ráðgjafa. Hver hóptími var tvískiptur og samanstóð af fræðslu og samtali. Sextíu konur voru skráðar í stuðningshópa 2023 en stefnt er að því að fjölga hópunum á nýju ári þar sem færri komust að en vildu.

Þá sinnir Bjarkarhlíð einnig fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis til fyrirtækja og stofnana, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur tekið að sér verkefni fyrir ríki og borg.



Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldi sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar í þeirri tölfræði sem er safnað og birtist m.a. í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **ANDLEGT OFBELDI:** Til dæmis stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun, ógnandi hegðun og gaslýsing þar sem brotapolí fer að efast um minni sitt og upplifanir.
- **LÍKAMLEGT OFBELDI:** Til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja.
- **KYNFERÐISLEGT OFBELDI:** Til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/“kynlíf“, byrlun og kynfrelsi ekki virt.
- **MANSAL:** Hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til kynlífsþjónustu. Nauðungarvinna sem oft er nefnd nútímaþrælahald fellur einnig undir þennan flokk.
- **FJÁRHAGSLEGT OFBELDI:** Til dæmis að skemma muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu, fjárhagslegt óöryggi, krafa um lántöku og skuldsetning einstaklings gegn hans vilja.
- **STAFRÆNT OFBELDI:** Misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur.
 - ...þar af stafrænt kynferðisofbeldi: Til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.
- **ELTIHRELLIR (STALKING):** Til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, njósnir og ofsóknir, staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki.
- **BEINT OG/EÐA ÓBEINT OFBELDI GEGN BÖRNUM:** Einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem gerist inni á heimilinu, hvort sem það beinist gegn barni eða ekki.
- **VANRÆKSLA VIÐKVÆMRA HÓPA:** Til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **OFBELDI SEM FELUR Í SÉR MISMUNUN:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þjónustunotendur Bjarkarhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi og vilja vinna með afleiðingar þess. Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra úrræða og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.



Bjarkarhlíð fékk heimsóknir frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum á árinu, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar kynnti starfsemina þar sem þess var óskað. Einnig tók Bjarkarhlíð þátt í samstarfsverkefnum af ýmsu tagi.

Janúar

- Þingkonur komu og fengu fræðslu um starfsemi Bjarkarhlíðar

Febrúar

- Teymisstýra var með fræðslu fyrir Stígamót um starfsemi og þróun Bjarkarhlíðar
- Teymisstýra fór í hlaðvarpið Einstæð, kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar og talaði um ofbeldi í nánnum samböndum
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar fór í heimsókn til Heimilisfriðar og fékk kynningu á starfsemi þeirra
- Jafnréttisskóli Háskóla Íslands kom í heimsókn og fékk fræðslu á starfsemi Bjarkarhlíðar
- Bjarkarhlíð fékk kynningu á verkefni sem snýr að þjónustu við pólskumælandi konur

Mars

- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar fengu kynningu á doktorsritgerð Huldu Sædísar sem ber heitið: *Leiðir kvenna til að eflast og vaxa eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánnum sambandi*
- Leiklistanemi við Kvikmyndaskóla Íslands kom og kynnti útskriftarverkefni sitt um líf konu sem er að fara úr ofbeldissambandi
- Kynning á starfsemi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu
- Teymisstýra ásamt fulltrúum frá ríkislögreglustjóra hittu lögregluna á vesturlandi í tengslum við samning Bjarkarhlíðar við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um þjónustu Bjarkarhlíðar á Vesturlandi og Vestfjörðum
- Samtökin Bjargráð komu í heimsókn og kynntu starfsemi sína

Apríl

- Bjarkarhlíð var með fræðslu fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar sóttu ráðstefnu Bergsins sem bar yfirskriftina "Reset Welfare"
- Teymisstýra var með erindi í velgjörðarkaffi á vegum Reykjavíkurborgar
- Bjarkarhlíð og ýmsir aðilar héldu fund um slaufunarmenningu á Íslandi
- Sigurhæðir stóðu fyrir *Family Justice Center* ráðstefnu þar sem teymisstýra hélt erindi

Mái

- Teymisstýra kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu
- Bjarkarhlíð fékk heimsókn frá slóvenskum samtökum sem fengu fræðslu um forvarnarstarf gegn kynbundnu ofbeldi
- Suðurmiðstöð kom og fékk kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar



Maí

- Félagsráðgjafar á vegum „*Saman gegn ofbeldi*” komu í heimsókn og fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar
- Fulltrúar frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu komu í heimsókn og kynntu nýtt verklag
- Fulltrúar á vegum úrræðisins Ellunnar komu í Bjarkarhlíð og kynntu sína starfsemi
- Teymisstýra flutti erindi á ráðstefnu Women in Iceland

Júní

- Bjarkarhlíð sótti ráðstefnu um kynferðisbrot gegn drengjum í Háskólanum í Reykjavík
- Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu var með kynningu í Bjarkarhlíð
- Teymisstýra var með kynningu um mannsalsmál fyrir starfsfólk Rauða krossins

Júlí

- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar fengu kynningu á sýndarveruleika í dómssal

Ágúst

- Teymisstýra heimsótti Vestfirði og var með kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar
- Ungar konur í atvinnulífinu komu í heimsókn og fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar
- Ráðgjafar Bergsins Headspace komu í heimsókn í Bjarkarhlíð og kynntu starfsemi sína
- Bjarkarhlíð sat námskeið Jane Monckton Smith um nauðungarstjórnun og kvennamorð
- Félags- og vinnumarkaðsráðherra kom í heimsókn og veitti Bjarkarhlíð styrk

September

- Fulltrúar á vegum sænska sendiráðsins komu í heimsókn í Bjarkarhlíð þar sem rætt var um ofbeldi og afleiðingar
- Fulltrúar bandaríska sendiráðsins í Georgíu komu í heimsókn í Bjarkarhlíð
- Bjarkarhlíð sótti námskeið um mansal sem bar heitið Mansal á Íslandi
- Sænskir félagsráðgjafar heimsóttu Bjarkarhlíð og fengu kynningu á starfseminni
- Fulltrúar á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis í Litháen fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar

Október

- Portúgalskur starfshópur sem sérhæfir sig í ofbeldi gegn börnum kom í heimsókn, kynntu sína starfsemi og fengu kynningu á starfi Bjarkarhlíðar
- Fulltrúar Pírata komu í heimsókn og fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar
- Teymisstýra hélt erindi á málstofu stéttarféлага og VIRK um kynbundið ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og áreitni
- Bjarkarhlíð fékk kynningu á breytingum hjúskaparlaga frá fulltrúum sýslumanns
- Hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári komu í heimsókn og fengu kynningu á Bjarkarhlíð



Nóvember

- Teymisstjóri Bjarmahlíðar kom í heimsókn í Bjarkarhlíð
- Bjarkarhlíð fékk boð á leiksýnginguna „Orð gegn orði“

Desember

- Bjarkarhlíð ásamt Kvennaathvarfinu kynntu starfsemi sína fyrir lögmannsstofunni Valdimarsson
- Teymisstýra var þátttakandi á þrem stefnumótunarfundum er vörðuðu þjónustu við þolendur mannsals
- Bjarkarhlíð kynnti eigin starfsemi fyrir samskiptaráðgjöfum íþrótta- og æskulýðsstarfs og fengu kynningu á þeirra starfi

SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ

Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í samstarfi við háskólasamfélagið og fengið til sín nema, bæði í starfskynningu og starfsnám. Á árinu fengu nemar úr félagsráðgjöf Háskóla Íslands að fylgjast með starfi Bjarkarhlíðar. Þá fengu nemar úr hjúkrunarfræði við HÍ og HA, nemar við kynjafræði og jafnréttisskóla Háskóla Íslands einnig kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar. Nemar úr Menntaskólanum við Sund fengu sömuleiðis fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis og starf Bjarkarhlíðar. Leiklistarnemi við kvikmyndaskóla Íslands fékk kynningu og kynnti lokaverkefni sitt fyrir ráðgjöfum Bjarkarhlíðar ásamt því að teymisstýra var með kynningu fyrir lögreglunema á árinu. Að lokum fékk teymisstýra tækifæri til að taka upp tvo fyrirlestra um ofbeldi í nánum samböndum sem kenndir voru við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

- Teymisstýra tók þátt í fjarfundum EFJCA á árinu 2023
- Teymisstýra hélt erindi á fjarfundi EFJCA á árinu 2023
- Teymisstýra tók setu í stjórn samtakanna (EFJCA supervisory board) í júní, 2023



Mansalsmál voru fyrirferðarmikill hluti af starfsemi Bjarkarhlíðar árið 2023.

Félagsmálaráðuneytið gerði samkomulag um styrk við Bjarkarhlíð um samræmda velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals og var þjónustan í upphafi tilraunaverkefni til eins árs frá og með 1. júlí 2020. Samningurinn var framlengdur til 31. maí 2024.

Teymisstýra hefur verið fulltrúi Bjarkarhlíðar í verkefninu og hlutverk hennar er að kalla saman viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur vaknar um slíkt. Í framkvæmdateyminu hafa átt sæti fulltrúar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem mál koma upp auk félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi er með lögheimili, Kvennaathvarfinu, Vinnumálastofnun, verkalýðshreyfingunni, heilsugæslu og öðrum viðeigandi aðilum, eftir atvikum.

Í upphafi verkefnisins var skipað sérstakt teymi innan Bjarkarhlíðar til þess að fylgja verkefninu eftir. Árið 2023 skipuðu teymið Hildigunnur Jónsdóttur, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Drífa Snædal, Stígamótum og Margrét Steinarsdóttir, Mannréttindaskrifstofu Íslands. Jenný Kristín Valberg var teymisstýra verkefnisins árið 2023. Alls voru haldnir 44 fundir í tengslum við mannsalsmál árið 2023.

Stefnt er að því að koma á fót sérstakri samhæfingarmiðstöð (e. National Referral Center) í framhaldi af tilraunaverkefninu.

ÞJÁLFUN OG RÁÐSTEFNUR

- 22.-24. mars sótti teymisstýra þjálfun í Varsjá sem bar heitið *Addressing human trafficking risks in light of military attack on Ukraine: Training for civil society and frontline responders*.
- 18.-19. apríl sótti teymisstýra ráðstefnuna: *23rd Conference Alliance Against Trafficking* sem var á vegum OCHE í Vínarborg.
- 6.-13. maí Teymisstýra Bjarkarhlíðar sótti ráðstefnu, *24th Annual International Family Justice Center Conference* sem haldin var í San Diego
- 4.-8. september fékk teymisstýra Bjarkarhlíðar tækifæri til að sitja námskeiðið *Tackling Human Trafficking and Modern Slavery: Delivering Change* í ST. Mary's Háskóla í London.
- 6.-10. nóvember fékk teymisstýra tækifæri til að taka þátt í hermipjálfun á vegum OSHE í Brühl í Þýskalandi. Þjálfunin fól í sér að iðkendur sem allir starfa við að berjast gegn mansali á Eystrasaltssvæðinu tóku þátt í viku langri þjálfun þar sem unnið var með mál í sviðsetningum á atburðum með leikurum og aðgerðastjórum.
- 14.- 15. desember sóttu ráðgjafar Bjarkarhlíðar ráðstefnuna *The impact of technology on sex trafficking: challenges in detecting, investigating and prosecuting technology - facilitated trafficking in human beings*



ÞOLENDAMIÐSTÖÐ Á VESTURLANDI

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskaði eftir að Bjarkarhlíð tæki að sér tilraunaverkefni sem fæli í sér að veita tímabundið þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum gegn fjárstyrk þar sem engin móttökumiðstöð er þar fyrir brotaþola. Þetta var samþykkt á framkvæmdastjórnarfundi í október 2023. Bjarkarhlíð var falið að vinna að nánari útfærslu á verkefninu í samráði við aðila á hverju svæði, þ.m.t. félagsþjónustu, sveitafélög og lögreglu.

Í mars síðastliðnum fór teymisstýra ásamt fulltrúum ríkislögreglustjóra til Borgarness og fundaði þar með lögreglu á Vesturlandi, aðstoðarsaksóknara og framkvæmdastjóra samtaka sveitafélaga á Vesturlandi. Þjónusta Bjarkarhlíðar var kynnt með það að markmiði að hefja þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á svæðinu.

Um miðjan ágúst hélt teymisstýra ásamt fulltrúum ríkislögreglustjóra til Vestfjarða þar sem fundað var á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Þar var mótun á svæðisbundnu samstarfi gegn ofbeldi og öðrum afbrotum rædd meðal helstu lykilaðila á Vestfjörðum. Viðstaddir voru fulltrúar frá félagsþjónustu, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöldum, heilbrigðisþjónustu, skóla, félagasamtökum, landshlutasamtökum, sveitarfélögum og lögreglu. Starfsemi Bjarkarhlíðar var kynnt ásamt því að rætt var um þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Vestfjörðum.

Ákveðið hefur verið að frá og með janúar 2024 verði boðið upp á viðtalsþjónustu fyrir þolendur ofbeldis á fjögura vikna fresti á Vesturlandi og Vestfjörðum. Viðtöl verða á Akranesi, Borgarnesi, Grundarfirði, Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði fram að sumri og í framhaldinu verður staðan tekin.

STYRKIR

Nokkrir aðilar styrktu Bjarkarhlíð á árinu 2023. Reykjavíkurborg, Kópavogsbær og Garðabær voru þau sveitarfélög sem styrktu Bjarkarhlíð. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið styrkti sömuleiðis rekstur Bjarkarhlíðar. VIRK-starfsendurhæfingarsjóður veitti Bjarkarhlíð veglegan styrk ásamt því að ýmsir einstaklingar, Esja legal og kvennasamtökin Inner wheel veittu starfseminni dýrmætan stuðning.



Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru byggðar á spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustunotendur svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Þjónustunotendur svara sjálfir bakgrunnsupplýsingum en ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka svo við og fylla inn í komuskýrsluna. Samskonar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustunotendur.


Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu og í ákveðnum tilvikum skoðuð breytingar á milli ára. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki þjónustunotendur öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.

Nánari upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á vefsíðu Bjarkarhlíðar.

Á árinu 2023 leituðu alls 700 einstaklingar til Bjarkarhlíðar í fyrsta viðtal. Meirihluti þeirra sem leituðu til Bjarkarhlíðar skilgreina sig sem íslenska eða 91%. Mikill meirihluti þeirra sem leituðu til Bjarkarhlíðar á árinu 2023 voru konur (87%) en 12% voru karlar og 1% skilgreindu sig á annan hátt. 94% þeirra sem tóku afstöðu til spurningar um það hvort þau upplifðu andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar vegna ofbeldis svöruðu því játandi.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeim sem leituðu til Bjarkarhlíðar 2023.

1. Tími atviks



Mynd 1. Tími atviks (hér er átt við það ofbeldisatvik sem þjónustunotandi er kominn til að ræða núna).



2. Þjónusta áður

Margir höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð, og margir þeirra á fleiri en einum stað, en 155 (11%) einstaklingar höfðu aldrei fengið neina þjónustu áður en þeir leituðu til Bjarkarhlíðar. Sjá nánar í töflu 1.

Þjónusta áður	Fjöldi	Hlutfall
Sjálfstætt starfandi meðferðaraðili (sálfræðingur/fíknifræðingur eða annað)	215	15%
Lögregla	174	12%
Ekki fengið aðstoð áður	155	11%
Heilsugæsla/spítali	123	9%
Bjarkarhlíð	116	8%
Barnavernd	101	7%
Kvennaathvarfið	95	7%
Geðdeild	74	5%
Þjónustumiðstöð	63	4%
Endurhæfingarúrræði	58	4%
Sýslumaður	56	4%
Já, aðstoð annars staðar	53	4%
Stígamót	43	3%
Bráðamóttaka LSH	39	3%
Píetasamtökin	21	1%
Neyðarmóttaka v. kynferðisofbeldis	10	1%
Öðrum frjálsum félagasamtökum	10	1%
Drekaslóð	9	1%
Sigurhæðir	2	0%
Bjarmahlíð	1	0%


1.418 100%

Tafla 1. Dreifing svara vegna þjónustu sem notendur höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2023. Athugið að fjöldi svara ($N=1.418$) er hærri en fjöldi þjónustunotenda ($N=700$), en það skýrist af því að einhverjir höfðu fengið aðstoð áður á fleiri en einum stað.



3. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu 82 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð í hverjum mánuði árið 2022. Flestir komu í fyrsta viðtal í september eða 11% en færstir komu í fyrsta viðtal í júní eða 6%. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 2.



Mynd 2. Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum.

4. Upplýsingar um úrræðið

Heyrði af úrræðinu	Fjöldi	Hlutfall
Vinur/kunningi/fjölskylda	240	36%
Opinber umfjöllun	115	17,5%
Velferðarsvið/Félagsþjónusta	67	10%
Fann sjálf/ur/t upplýsingar	48	7,5%
Vinnustaður/samstarfsaðili	34	5%
Heilbrigðiskerfið	30	4%
Lögregla	23	2%
Samskiptamiðlar (Instagram, facebook, o.s.frv.)	20	3%
Áfengis- og vímuefnaeðferð	13	2%
Barnavernd	12	2%
Hjá VIRK	10	1%
Neyðarlínan 1-1-2	4	1%

Flestir höfðu heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum vin eða kunningja eða 240 einstaklingar (36%). Í opinberri umfjöllun höfðu 115 eða 17,5% einstaklinga heyrt af Bjarkarhlíð. Aðeins 7,5% einstaklinga höfðu sjálfir orðið sér úti um upplýsingar um Bjarkarhlíð. Um 32 einstaklingar af heildarsvarfjölda svaraði ekki spurningunni.

Aðeins 2% þjónustunotenda hafði heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum Barnavernd, sjá töflu 2.


Tafla 2. Dreifing svara þjónustunotenda við spurningunni „Hvernig heyrdi þú fyrst af Bjarkarhlíð?“

668 100%



5. Aldur


Svipuð dreifing var á aldri þjónustunotenda Bjarkarhlíðar árið 2023 eins og undanfarin ár. Flestir voru á aldrinum 31 til 40 ára (32%) og 18 til 30 ára (30%), sjá mynd 3.



Mynd 3. Dreifing aldurs þjónustunotenda í Bjarkarhlíð árið 2023.

6. Kyn

Alls svöruðu 683 einstaklingar spurningu um kyn. Eins og undanfarin ár var mikill meirihluti notenda þjónustunnar konur eða 88% og 11% voru karlar. Sjö einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt. Sjá mynd 4.




Mynd 4. Sjá má skiptingu þjónustunotenda eftir kyni, karl, kona og kynsegin.



7. Kynhneigð

Alls svöruðu 558 einstaklingar spurningunni um kynhneigð, flestir voru gagnkynhneigðir eða 85% svarenda. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Dreifing svarenda um kynhneigð; er ekki viss, gagnkynhneigð, samkynhneigð, tvíkynhneigð.

8. Uppruni

Þegar skoðaður er uppruni notenda þjónustunnar er lítil breyting milli áranna 2022 og 2023. Hlutfall þjónustunotenda sem skilgreina sinn uppruna íslenskan hækkaði úr 90% í 91%. Sjá svör þeirra 659 sem svöruðu spurningunni um uppruna í töflu 3.

Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
Erlend/ur/t - innan EES	27	4%
Erlend/ur/t - utan EES	35	5%
Íslensk/ur/t	597	91%
	659	100%

Tafla 3. Uppruni þjónustunotenda sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2023; erlendur (innan Evrópu), erlendur (utan Evrópu), íslenskur.



Í Bjarkarhlíð er boðið upp á túlkapjónustu fyrir þá sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Þjónustunotendur eftirtalina landa, auk Íslands, sóttu þjónustu Bjarkarhlíðar árið 2023.

Rússland, Pólland, Filippseyjar, Venezúela, Úkraína, Bandaríkin, Lettland, Frakkland, Spánn, Tæland, Tékkland, Ítalía, Írak, Hondúras, Færeyjar, Palestína, Kína, England, Danmörk, Suður- Afríka, Bretland, Búlgaría, Nígería, Þýskaland, Mexíkó, Slóvenía, Serbía og Víetnam.

9. Búseta

Alls svöruðu 670 einstaklingar spurningu um búsetu. Flestir svarenda voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og voru 373 þjónustunotendur eða 55,5% búsettir í Reykjavík og 176 (26%) komu af höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Alls voru 104 notendur þjónustunnar búsettir á landsbyggðinni, sjá töflu 4.

Búseta	Fjöldi	Hlutfall
Annað	13	1%
Austurlandi	5	1%
Erlendis	4	1%
Garðabæ	45	7%
Hafnarfirði	50	7%
Kópavogi	55	8,5%
Mosfellsbæ	26	4%
Norðurlandi	6	1%
Reykjavík	373	55,5%
Seltjarnarnesi	4	1%
Suðurlandi	20	3%
Suðurnesjum	51	8%
Vesturlandi	22	3%
	670	100%

Tafla 4. Búseta þjónustuþega.



10. Hjúskaparstaða

Fleiri notendur þjónustunnar voru einhleypir, að skilja/slíta sambúð eða ekkjar/ekkjur (59%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (38%), sjá töflu 5.

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
Annað	20	3%
Einhleyp/ur/t	285	43%
Ekkja/ekkill	5	1%
Er að skilja/slíta sambúð	100	15%
Gift/ur	96	14%
Í sambúð/sambandi	157	24%

663 100%

Tafla 5. Hjúskaparstaða þjónustunotenda sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2023. Við þessa spurningu vantar svör 37 einstaklinga og er nefnarinn því N=663 í útreikningum í töflu 5 en ekki 700 eins og heildarfjöldi þjónustunotenda var á árinu.

11. Atvinnustaða

Alls voru 53% þjónustunotenda í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja og þeirra sem voru á tímabundnum endurhæfingarlífeyri var 21% og atvinnulausir voru 6%. Sjá töflu 6.

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
ANNAÐ	29	5%
ÁN ATVINNU	41	5%
ELLILÍFEYRISÞEGI	14	2%
ENGIN FRAMFÆRSLA	5	0%
FRAMFÆRSLA SVEITARFÉLAGSINS	13	2%
BARNBURÐARLEYFI	10	1%
HEIMAVINNANDI	10	1%
Í FULLU STARFI	316	41%
Í HLOTASTARFI	96	13%
NEMI	72	9%
ÖRYRKI/ENDURHÆFINGARLÍFEYRIR	156	20%
VINNUMÁLASTOFNUN/ ATVINNULEYSISBÆTUR	8	1%

765 100%

Tafla 6. Atvinnustaða þjónustunotenda þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2023.

Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 765 þar sem einhverjir þeirra eru til að mynda í vinnu og í námi og er nefnarinn vegna útreikninga í töflu 6 því 765.



12. Menntunarstig

Meirihluti þjónustunotenda hafði lokið námi í framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 58%. Alls höfðu 23% þjónustunotenda lokið grunnskólanámi og 16% þeirra höfðu lokið sérskólanámi. Sjá nánar í töflu 7.

Menntunarstig	Fjöldi	Hlutfall
Annað	23	3%
Framhaldsskólanám (með stúdentsprófi)	112	17%
Grunnskólanám	154	23%
Háskólanám	266	41%
Sérskólanám (t.d. Tækniskólinn, iðnnám, starfsréttindi)	103	16%

658 100%


Tafla 7. Menntunarstig þjónustunotenda sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2023. Sérskólanám er t.d. Tækniskólinn eða sambærileg menntun.

13. Fötlun eða sjúkdómar

Til að henda reiður á fjölda þeirra einstaklinga sem til Bjarkarhlíðar leita og búa við fötlun og/eða sjúkdóm eru þjónustunotendur spurðir hvort þeir búi við eitthvað af eftirfarandi; andlegan sjúkdóm, líkamlegan sjúkdóm, kulnun í starfi, hreyfihömlun, heyrnarleysi, þroskaskerðingu, blindu/sjónskerðingu og/eða annað. Alls svöruðu 946 einstaklingar spurningunni. Tæp 60% sögðu já og svör þeirra má sjá í töflu 8.

Fötlun/sjúkdómur	Fjöldi
Andlegur sjúkdómur	208
Líkamlegur sjúkdómur	105
Kulnun í starfi	70
Annað	48
Hreyfihömlun	22
Heyrnarleysi/skerðing	18
Blinda/sjónskerðing	11
Þroskaskerðing	8

490



Mynd 6. Dreifing svara um fötlun og/eða sjúkdóm meðal þjónustunotenda

Tafla 8. Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustunotendur Bjarkarhlíðar 2023 glíma við.



14. Birtingarmyndir ofbeldis


Í töflu 9 er gerð grein fyrir birtingarmyndum ofbeldis sem þjónustunotendur hafa mátt þola en alls greindu 963 einstaklingar frá ólíkum tegundum ofbeldis.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Andlegt ofbeldi	615	24%
... þar af morðhótun	58	3%
Kynferðislegt ofbeldi	302	11.5%
... þar af kynferðislegt áreiti	104	4%
Likamlegt ofbeldi	302	11.5%
Kyrkingartak	85	3%
Fjárhagslegt ofbeldi	348	13%
Stafrænt ofbeldi	211	8%
... þar af stafrænt kynferðisofbeldi	42	2%
Eltihrellir (e. stalking)	103	4%
Frelsissvipting	102	4%
Beint/óbeint ofbeldi gegn börnum	321	12%
	2.593	100%

Tafla 9. Birtingarmynd ofbeldis. Athugið að margir þjónustunotendur hafa mátt þola fleiri en eina tegund ofbeldis, því er samanlagt hlutfall hærra en 100% í töflu 9.

Nefnarinn við útreikninga fyrir töflu 9 er 963, sem er fjöldi einstaklinga sem svöruðu spurningunni.

Þegar merkt var við einn möguleika reyndust 77% þjónustunotenda vera komnir til að ræða heimilisofbeldi.



Mynd 7. Dreifing svara þegar ráðgjafar merktu við einn möguleika. Að auki nefndi einn þjónustunotandi hatursglæp, einn nefndi ofbeldi gegn öðrum minnihlutahópi og einn nefndi vændi.



15. Tengsl við geranda

Ef svör þjónustunotenda eru skoðuð út frá tengslum við geranda eru 88% þjónustunotenda að koma vegna heimilisofbeldis, þ.e. gerandinn er núverandi/fyrirverandi maki, foreldri/stjúpforeldri, ættingi eða barn þolanda, sjá nánar í töflu 10.


Tengsl við geranda	Fjöldi	Hlutfall
Núverandi maki	102	15%
Fyrirverandi maki	332	49%
Ættingi	31	5%
Foreldri	56	8%
Stjúpforeldri	10	1%
Barn	13	2%
Fjölskylduvinur	6	1%
Vinur/kunningi	22	3%
Vinnufélagi	11	2%
Fagaðili	9	1%
Ókunnur	14	2%
Annað	6	1%

Tafla 10. Tengsl þjónustunotenda við geranda.

Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 993 þar sem einhverjir nefndu fleiri en einn geranda. Nefnarinn vegna útreikninga í töflu 10 er því 993.

16. Kyn, aldur og uppruni geranda

Upplýsingar um kyn gerenda lágu fyrir í 658 málum. Karlar voru gerendur í 82% málanna og konur í 16% mála, 2 einstaklingar skilgreina kyn á annan hátt. Flestir gerendur voru á aldursbilinu 31 til 40 ára (29%), sjá mynd 8.



Mynd 8. Aldursdreifing gerenda.



Upplýsingar um uppruna gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 652 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 85% en 7% höfðu erlendan uppruna, innan Evrópu og 8% höfðu erlendan uppruna, utan Evrópu. Þetta er svipað og fyrri ár. Sjá töflu 11.


Ár	Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
2020	Íslensk/ur/t	663	84%
	Erlend/ur/t - innan EES	73	9%
	Erlend/ur/t - utan EES	51	7%
		787	
2021	Íslensk/ur/t	891	85%
	Erlend/ur/t - innan EES	72	7%
	Erlend/ur/t - utan EES	79	8%
		1042	
2022	Íslensk/ur/t	823	86%
	Erlend/ur/t - innan EES	57	6%
	Erlend/ur/t - utan EES	78	8%
		958	
2023	Íslensk/ur/t	557	85%
	Erlend/ur/t - innan EES	43	7%
	Erlend/ur/t - utan EES	52	8%
		652	

Þjónustunotendur Bjarkarhlíðar árið 2023 nefndu gerendur frá eftirfarandi löndum utan Íslands: Afganistan, Albaníu, Bandaríkjunum, Belgíu, Brasilíu, Bréttlandi, Búlgaríu, Danmörku, Filipseyjum, Frakklandi, Írak, Írlandi, Ítalíu, Kenýa, Kolumbíu, Kroatíu, Kúbu, Litháen, Marokkó, Mexikó, Nígeríu, Pakistan, Palestínu, Pólandi, Rúmeníu, Rússlandi, Serbíu, Skotlandi, Slóveníu, Spáni, Svíðþjóð, Tælandi, Uganda, Úkraínu, Venezuela, Víetnam, Þýskalandi,

Tafla 11. Uppruni gerenda, samanburður síðustu fjögurra ára.

17. Kærur á hendur geranda

Mynd 9. Rúm 13% sögðu að ofbeldismál gegn viðkomandi geranda hefðu verið kærð til lögreglu.





Alls fengust 835 svör frá 700 þjónustunotendum við spurningunni um vettvang ofbeldisins en hluti þjónustunotenda hefur upplifað ofbeldi oftár en einu sinni og því er samanlagður fjöldi hér 1.280. Algengast var að ofbeldið ætti sér stað inni á heimilinu eða í 83% tilfella. Sjá nánar töflu 12.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Sameiginlegt heimili geranda og þolanda	407	49%
Heimili þolanda	182	22%
Heimili geranda	80	10%
Annað	141	16.5%
Á ekki við/náðist ekki að spyrja	25	2.5%

Tafla 12. Vettvangur ofbeldisins.
Nefnarinn hér er 835

835 100%

19. Fíkn gerenda

Alls komu fram 792 svör frá þjónustunotendum við spurningu um hvort þeir telji að gerandi búi við einhvers konar fíkn. Hluti þjónustunotenda nefndi fleiri en eina tegund fíknar og því er samanlagður fjöldi hér 922. Sjá nánar töflu 13.

Fíkn gerenda	Fjöldi	Hlutfall
Já, áfengisfíkn	209	26%
Já, vímuefnavanda	142	18%
Já, klámfíkn	31	4%
Ekki vitað/náðist ekki að spyrja	250	32%
Já, annað	26	3%
Nei, enga fíkn	134	17%

Tafla 13. Dreifing svara við spurningunni: Telur þú að gerandi búi við einhvers konar fíkn? Sumir þjónustunotendur nefndu fleiri en eina tegund fíknar.


Nefnarinn hér er 792.

792 100%




20. Vopn og eyðilegging muna

Af 700 þjónustunotendum svöruðu 673 spurningunni um vopnanotkun í tengslum við ofbeldisatvik af hálfu geranda. Alls sögðu tæp 16% þeirra þjónustunotenda sem svöruðu spurningunni að gerandi hafi beitt vopni í tengslum við ofbeldið. Sjá mynd 10. Í 26% tilvika var ekki spurt um vopnanotkun eða spurningin átti ekki við.



Mynd 10. Vopnanotkun.


Alls svöruðu 663 einstaklingar af 700 spurningu um hvort gerandi hafi eyðilagt muni þjónustunotenda. Alls 46% þeirra þjónustunotendur sem svöruðu sögðu „já“ við spurningunni en 38% „nei“. Sjá mynd 11. Í 16% tilvika var ekki spurt um eyðileggingu muna eða spurningin átti ekki við.



Mynd 11. Eyðilegging muna.

21. Fjárhagslegt ofbeldi

Alls svöruðu 663 einstaklingar af 700 spurningu um hvort ofbeldið hefði haft áhrif á fjárhagslega afkomu. Af þeim svöruðu 64% spurningunni játandi en 28% neitandi. Ef horft er til allra þjónustunotenda svara því játandi 58%, neitandi 22%, og í 20% tilvika átti það ekki við eða það náðist ekki að spyrja, sjá mynd 12.




Mynd 12. Dreifing svara um fjárhagslegt ofbeldi.



22. Afleiðingar ofbeldis

Afleiðingar ofbeldis geta verið margs konar, andlegar, líkamlegar og/eða fjárhagslegar. Ofbeldið hefur einnig þær afleiðingar að þolandi þarf að eiga ýmis samskipti við t.d. lögregluna, barnavernd og heilbrigðiskerfið sem getur aukið á álag fyrir þolandendur.

Þjónustunotendur voru spurðir hvort þeir væru að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins sem þeir eru komnir til að ræða. Alls svöruðu 663 þjónustunotendur spurningunni. Af þeim sem svöruðu sögðust 624 (94%) vera að kljást við afleiðingar ofbeldisins.



Mynd 13. Svör við spurningunni:

Er viðkomandi að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins? Hér er átt við það atviki ofbeldi sem þjónustunotandi vill ræða núna.

Í þessari spurningu var hægt að merkja við fleiri en einn valmöguleika og alls voru svörin 2063. Ef afleiðingarnar eru skoðaðar nánar, kemur í ljós að 550 einstaklingar af þeim sem svöruðu eru að kljást við kvíða, 398 einstaklingar hafa upplifað þunglyndiseinkenni og 317 einstaklingar hafa upplifað erfiðleika með svefn. Sjá nánar í töflu 14.

Afleiðingar	Fjöldi	Hlutfall
Kvíðaeinkenni	550	27%
Þunglyndiseinkenni	398	19%
Erfiðleikar með svefn/svefnleysi	317	15%
Einkenni áfallastreitu	332	16%
Líkamlegir verkir	203	10%
Annað	263	13
	2063	100%

Tafla 14. Afleiðingar ofbeldisins. Alls greindu 700 þjónustunotendur frá samtals 2.063 afleiðingum ofbeldis.



Lögreglan

Alls greindu 185 einstaklingar frá því að lögreglan hefði haft afskipti af heimilinu vegna ofbeldisins. Það eru 28% af þeim sem svöruðu spurningunni um lögregluafskipti. 5% sögðu að spurningin ætti ekki við en 67% sögðu „nei“ við spurningunni. Alls sögðust 89 einstaklingar (13%) að ofbeldismál gegn viðkomandi hefðu verið kærð til lögreglu.

Barnavernd


Af þjónustunotendum 700 sögðu 492, eða 56% að börn byggju á heimili þjónustunotenda og er það hlutfall svipað og síðustu ár. Það er sama hlutfall og árið 2022 en árið 2021 voru það í 52% tilvika. Sjá töflu 14. Alls sögðu 160 þjónustunotendur að barnavernd hefði haft afskipti af heimilinu, eða 25% þjónustunotenda.

Ár	Fjöldi	Já, barn/börn á heimili	Hlutfall
2020	827	432	52%
2021	1059	584	52%
2022	978	546	56%
2023	700	546	56%

Tafla 15. Fjöldi þjónustunotenda með barn eða börn á heimili.

Forsjá

Alls svöruðu 409 einstaklingar spurningu um hvernig forsjá barna væri háttað. Rúmlega 66% svarenda eru með sameiginlega forsjá.




Mynd 14. Dreifing svara um forsjá.



Heilbrigðiskerfið

Alls svöruðu 664 einstaklingar spurningu um hvort þau hefðu einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins. Rúm 38% svöruðu þeirri spurningu játandi eða 250 einstaklingar.



Mynd 15. Dreifing svara um líkamlega áverka.

23. Fyrri áföll tengd ofbeldi

Alls sögðust 59% þjónustunotenda (393 einstaklingar) sem leituðu til Bjarkarhlíðar á árinu 2023 hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi.

Ef það er greint nánar má sjá að margir hafa upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis; af þeim 393 sem höfðu sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi, höfðu 335 einstaklingar upplifað heimilisofbeldi ýmist beint og óbeint, 131 einstaklingar höfðu sögu um kynferðislegt ofbeldi, 184 einstaklingar höfðu verið beittir andlegu ofbeldi og 96 einstaklingar höfðu verið beittir líkamlegu ofbeldi. Margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis.

Ef já, hvers eðlis var ofbeldið?	Fjöldi	Hlutfall
Heimilisofbeldi - beint (þjónustunotendi var/er þolandi ofbeldis)	241	29.5%
Andlegt ofbeldi	184	22%
Kynferðislegt ofbeldi	131	16.5%
Líkamlegt ofbeldi	96	12%
Heimilisofbeldi - óbeint (þjónustunotandi var/er vitni af ofbeldi)	94	11%
Annað	75	9%
	821	100%

Tafla 16. Fyrri áföll tengd ofbeldi. Alls sögðust 393 þjónustunotendur hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Samtals greindu þeir frá 821 birtingarmynd ofbeldis.



24. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustunotanda í viðeigandi úrræði, annars vegar til fagaðila sem eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (innan Bjarkarhlíðar) og hins vegar í viðtal hjá fagaðilum sem ekki eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (utan Bjarkarhlíðar). Flestir þjónustunotendur fá tilvísun í fleira en eitt úrræði, alls fengu þjónustunotendur 953 tilvísanir í úrræði innan Bjarkarhlíðar og í 495 úrræði utan Bjarkarhlíðar eða samtals í 1.448 úrræði. Sjá nánar töflu 17 og 18.

Innan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	128	13%
Stígamót	76	8%
Kvennaathvarfið	144	15.5%
Mannréttindaskrifstofa/Kvennaráðgjöfin	33	3%
Annað viðtal við ráðgjafa Bjarkarhlíðar	503	53.5%
Annað	69	7%
	953	100%

Utan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
Félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð	42	8%
Barnavernd	24	5%
Bergið	23	5%
Píeta samtökin	31	6%
Aðrir fagaðilar	375	75%
	495	100%

Töflur 17 og 18. Tilvísanir í úrræði innan og utan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal.



BJARKARHLÍÐ, STAÐAN OG FRAMTÍÐIN

Árið 2023 var um margt krefjandi fyrir starfsemi Bjarkarhlíðar en flutningar og það rót sem þeim fylgir settu svip sinn á starfseminu.

Reynsla af starfi Bjarkarhlíðar undanfarin sex ár sýnir að þjónustunotendur hafa þörf fyrir meiri þjónustu en upphaflega var gert ráð fyrir. Stöðug eftirspurn hefur verið eftir þjónustu Bjarkarhlíðar og væntingar samfélagsins benda í þá átt að miðstöðin þurfi að þróast og stækka í takt við sambærilegar miðstöðvar erlendis þar sem þolendum stendur til boða fjölbreytt þjónusta og meðferð. Módel FJC, sem miðstöðin byggir á, er sveigjanlegt og breytilegt og byggir á þörfum þjónustunotenda á hverjum stað og þeim úrræðum sem bjóðast í nærsamfélaginu.

Sífelld er leitað leiða til að bæta þjónustuna í Bjarkarhlíð og lögð er áhersla á góð tengsl við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök til að mæta þörfum einstaklinga sem þangað leita.

Þjónustunotendur hafa sýnt Bjarkarhlíð velvilja frá upphafi.

Í þjónustukönnun frá 2023 gefa 92% notenda Bjarkarhlíð 8 til 10 í einkunn á skalanum 1 til 10 þegar spurt er um reynslu þeirra af Bjarkarhlíð þegar á heildina er litið. 98% svarenda gáfu Bjarkarhlíð fjórar eða fimm stjörnur, á skalanum ein til fimm stjörnur, þegar spurt var um fagmennsku og þekkingu og þegar er spurt var um viðmót fékk starfsfólk fjórar til fimm stjörnur frá 98% svarenda. Allir svarendur myndu ráðleggja öðrum að nýta sér þjónustuna.

Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar eru þakklát fyrir stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og annarra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja til að vinna saman í þágu þolenda ofbeldis. Þverfagleg samvinna hefur í Bjarkarhlíð sannað gildi sitt með aukinni þjónustu og öryggi fyrir þjónustunotendur.

Það er ljóst að fjárhagsstaða Bjarkarhlíðar fyrir árið 2024 er afar þröng og hefur því verið mætt með aðhaldi í rekstri en til að Bjarkarhlíð geti sinnt hlutverki sínu þarf miðstöðin aukið fjármagn.



Bjarkarhlíð
við Bústaðaveg
553 3000
bjarkarhlid@bjarkarhlid.is
www.bjarkarhlid.is